


## MATARHLÉ

Í þetta skipti fáum við innsýn í eldamenskuna hjá Gunnari Gíslasyni fræðslustjóra Akureyrarbæjar. „Ég ætla að bjóða ykkur upp á rétt sem ættaður er úr eldhúsi Nigellu. Hann elda ég stundum fyrir fjölskylduna mína þegar vel liggur á mér. Til að ná fram réttu stemningunni finnst mér gott að hlusta á Carlos Santana. Ég skora á Sesselju Sigurðardóttur, leikskólafulltrúa á skóladeild, að koma með uppskrift í næsta blað“.



## Svínakótilettur úr eldhúsi Nigellu

### Hráefni: Aðferð:

**Svínakótilettur** Kótilettur eru bein- og fituhreinsaðar.  
**Pítubrauð** Þær eru síðan lamdar til eftir smekk.  
**Parmesanostur** Egginn eru sett í skál og hrærð saman ásamt hæfilegri blöndu af salti og pipar.  
**Egg** Pítubrauðið og parmesanosturinn eru tætt saman í smátt í matvinnsluvél og sett í skál. Kjötinu er dýft í eggjæruruna og þar á eftir í ostabrauðblönduna og steikt á pönnu við góðan hita þar til gulbrúnn litur kemur á raspið. Í stað þess að steikja kjötið lengi á pönnu hef ég sett það í eldfast mót í ofn í 15 – 20 mínútur. Með þessum rétti er gott að bera fram tómatsneiðar í olíu (fyrsta kaldpressun) með nýmöluðu salti, fersku basil, mozzarellaosti og bökuðum kartöflum.

**Verði ykkur að góðu!**

## GOTT AÐ VITA



Sveitamennt er starfsmenntasjóður starfsmanna sveitarfélaga á landsbyggðinni innan aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands. Sveitamennt skiptist í tvær deildir og sinnir hlutverki sínu með eftirfarandi hætti:

**Einstaklingsdeild** veitir styrki til einstaklinga, félagsmanna aðildarfélaganna, til þess að þeir eigi kost á að sækja námskeið með vinnu án verulegs kostnaðar.

**Sveitarfélagadeild** sinnir hlutverki sínu með því að veita styrki til fræðsluverkefna á sviði starfsmenntunar sem eru í samræmi við markmið sveitarfélaga sem í sjóðinn greiða, stéttarfélaganna sem að sjóðnum standa eða verkefna sem sjóðstjórn skipuleggur. Auk þess styrkir deildin verkefni sem aðilar semja um í kjarasamningi.

Nánari upplýsingar má finna á [www.sveitamennt.is](http://www.sveitamennt.is)  
Einnig er hægt að hafa beint samband við Kristínu Njálisdóttur forstöðumann í síma 5991450.



Mannauðssjóður Kjalar hefur gert samkomulag við fræðsluatrið Starfsmennt um aðgengi félagsmanna KJALAR sem starfa hjá sveitarfélögum að námskeiðum sem Starfsmennt heldur.

**Mannauðssjóður Kjalar mun greiða námskeiðsgjöld fyrir þátttakendur og verða þá námskeiðin þeim að kostnaðarlausu.**

Nánari upplýsingar um námskeið í boði má finna á heimasíðunni [www.smennt.is](http://www.smennt.is)



Útgefandi: Akureyrarbær

Ritstjóri: Ragnar Hólm Ragnarsson

Ritnefnd: Friðný Sigurðardóttir, Ingunn Helga Bjarnadóttir,

Ragnar Hólm Ragnarsson og Samúel Jóhannsson.

Netfang: [akureyri@akureyri.is](mailto:akureyri@akureyri.is)

Hönnun og umbrot: Stíll - Prentun: Ásprént

# Innanbæjar KRÓNKA

5. tbl. 3. árg. STARFSMANNAFRÉTTIR AKUREYRARBÆJAR September 2008



## FRÁBÆR FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ

Verslunarmannahelgin 2008 verður líklega lengi í minnum höfð. Þar var sleginn nýr tónn sem breiddi elskulegheit og hlýju yfir bæinn. Margrét Blöndal stýrði undirbúningnum og framkvæmdinni af mikilli kostgæfni og naut við það aðstoðar ýmissa aðila, þ.á m. fjölmargra starfsmanna bæjarins. Það leyndi sér ekki að bæjarbúar kunnu vel að meta þetta nýja yfirbragð hátíðarinnar og ekki bar á öðru en að gestir bæjarins hrifust af kærleiksríku andrúmsloftinu sem sveif yfir vötnum.

Kúrsinn hefur verið settur: Bros, hlýja og elskulegheit á alvöru fjölskylduhátíð fyrir fólk á öllum aldri, sem vill skemmta sér fallega, verður líklega inntak hátíðarhaldanna á Akureyri um ókomin ár. Aðstandendur hátíðarinnar „Ein með öllu og allt undir“ eiga þakkir skildar og hamingjuóskir með það hvernig til tókst.

Um miðjan ágúst lagði stjórn Akureyrarstofu fram bókun vegna hátíðarinnar og þar segir meðal annars: „Ljóst er að undir forystu Akureyrarstofu og Margrétar Blöndal framkvæmdastjóra, í góðri samvinnu við Vini Akureyrar, tókst að breyta eðli og ímynd hátíðarinnar verulega og stigið var afar jákvætt skref til framtíðar“.

Starfsmannavef Akureyrarbæjar er að finna á slóðinni:  
<http://sulur.akureyri.is>

## GAMLA MYNDIN



Sumarleyfi starfsmanna settu líklega strik í reikninginn hvað varðar myndagetraunina í síðasta tölublaði. Birt var mynd af reisulegu gömlu húsi sem brann um 1960 og spurt hvað það hét og hvar það stóð. Rétt er að húsið hét Staðarhóll og stóð þar sem Ásvegur 22 er núna. Anna María Halldórsdóttir, lækningaritari á Heilsugæslustöðinni vissi rétta svarið og fær hún verðlaun fyrir vikið.

**Núna spyrjum við um þetta litla og fallega hús á myndinni hér að ofan. Hvaða hús er þetta og hvaðan er turninn kominn sem er ofan á því? Líklegt má telja að margir telji sig vita svarið en kannski er hér ekki allt sem sýnist.**

Sendið svör sem fyrst á netfangið akureyri@akureyri.is merkt Myndagetraun Innanbæjarkrónikunnar. Dregið verður úr réttum svörum og einn heppinn lesandi fær í verðlaun 10 miða sundkort í **Sundlaug Akureyrar**.

Myndagetraun Innanbæjarkrónikunnar er unnin í góðu samstarfi við ljósmyndadeild Minjasafnsins á Akureyri.

**Starfsmannahandbókina er að finna á heimasíðu Akureyrar-bæjar: [www.akureyri.is/starfsmannahandbok](http://www.akureyri.is/starfsmannahandbok)**

## MOLAR



Sumarstarfsfólk að störfum.

### Þúsund þakkir

Sumarstarfsfólk hjá Akureyrarbæ er nú óðum að ljúka störfum. Hjá vinnuskólanum störfuðu 472 krakkar á aldrinum 14-16 ára í sumar, 82 voru í sumurvinnu 17-25 ára og 46 í sumurvinnu fatlaðra. Bæjarbúar kunna þessu fólki bestu þakkir fyrir vel unnin störf og óska því velfarnaðar í því sem það tekur sér fyrir hendur í vetur og á ókomnum árum.



Leirutjörnin og umhverfi hennar er að breytast í litla útivistarparadís.

### Gosbrunnur í Leirutjörn

Góðir göngustígar hafa verið lagðir með Leirutjörninni í Innbænum og nú er kominn gosbrunnur í norðurenda hennar. Allt svæðið er því orðið hið fegursta, mjög snyrtilegt og kjörið til útivistar og góðra göngutúra. Gosbrunnurinn er svokallaður flöbrunnur sem er festur niður með þar til gerðum akkerum, þannig að auðvelt er að taka hann í land og geyma innandyra yfir háveturinn. Vatnsbunurnar úr brunninum eru upplýstar með sex litlum ljóskösturum og ná þær 8-10 metra í loft upp.

## HVAÐ ERTU AÐ GERA?



Gréta Kristjánsdóttir er nýráðin forvarnarfulltrúi Akureyrarbæjar. Hún er með B.A. gráðu í sálfræði og starfaði áður sem umsjónarmaður félagsmiðstöðvar hér í bæ. Lesendur Innanbæjarkrónikunnar fá að kynna henni hliðinni á Grétu að þessu sinni.

**Hvernig líst þér á nýja starfið?** Mér líst alveg ljómandi vel á það, forvarnir hafa alltaf verið áhugamál hjá mér þannig að þetta er mjög spennandi.

**Hvað ertu að gera í vinnunni?** Ég er að taka við nýju starfi þannig að ég er að reyna komast að því :

**Er gaman í vinnunni?** Já það er mjög gaman í vinnunni og á bara eftir að vera skemmtilegra held ég, þegar ég verð búin að koma mér betur inn í nýja starfið.

**Hvaðan ertu?** Akureyri.

**Fjölskylduhagir?** Við erum tvær, ég á eina dóttur sem heitir Karítas Rún og er 9 ára.

**Af hverju býrðu á Akureyri?** Að því að ég er að byrja í svo agalega spennandi starfi.

**Hvaða bók lastu síðast?** Reisubók Guðríðar Simonardóttur.

**Uppáhaldstónlist?** Um þessar mundir er það ABBA ég er nýbúin að fara á myndina Mama Mía þannig að nú er bara hlustað á ABBA út í eitt á heimilinu og í bílnum en þar á undan var það James Blunt og Queen, hver veit hvað það verður næst...

**Uppáhaldsmatur?** Arabískur hleifur frá Móður Náttúru ásamt góðum kjúklinga- og fiskréttum.

**Hver eru helstu áhugamál þín?** Það er svo ótal margt sem ég hef áhuga fyrir t.d. skíði, línuskautar, hjól, kaffihús í góðra vina hóp, mannleg hegðun, forvarnir, sund og öll tæki sem ég get stjórnað og ýmislegt annað.

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Hroki, fordómar, óheildarleiki og allt ranglæti sem snýr að börnum.

**Hvað yrði þitt fyrsta verk ef þú værir einráð á Akureyri í einn dag?** Þessi er of erfið, það er svo ótal margt sem ég mundi vilja gera ef ég væri einráð og þetta er bara einn dagur þannig að ég þyrfti að fá mikið lengri umhugsunarfrest :)